



506. fundur Þingvallanefndar

24.maí 2023 kl. 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns Vilhjálms Árnasonar, Berglind Ósk Tómasdóttir, Tómas A.Tómasson, Birgir Þórarinsson varamaður fyrir Vilhjálms Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir varamaður fyrir Oddnýju Harðardóttur, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir varamaður fyrir Orra Pál Jóhannsson. Andrés Ingi Jónsson boðaði forföll.

Varaformaður setur fund og stýrir.

Dagskrá

1. Burðarþol, upplifun og ítala

Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir kynnti helstu niðurstöður gestakönnunar sem framkvæmd var árið 2022 en sams konar könnun var framkvæmd árið 2020. Niðurstöður benda til þess að þó upplifun gesta af heimsókn í ÞP sé almennt mjög jákvæð eru vísbendingar um að upplifun hafi dalað eitthvað frá fyrri könnun. Umræður og spurningar um aðferðafræði og niðurstöður. Jóna upplýsti að stefnt er að safna frekari gögnum með sömu könnun í sumar.

2. Valhallarstígur N. 8 – framtíðaráform.

Þjóðgarðsvörður fer yfir forsögu hússins og að fyrir liggi samþykki umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtingu forkaupsréttar sem Þingvallanefnd samþykkti á fundi sínum fyrr í vetur.

Almenn umræða um staðsetningu hússins og mögulega nýtingu hússins.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að skoða möguleika á nýtingu hússins fyrir þjónustu við gesti þjóðgarðsins.

Önnur mál

Þjóðgarðsvörður fer yfir beiðni frá tónlistarmanninum Mugison að halda tónleika á Þingvöllum 17.júní. Þingvallanefnd ítrekar að ekki er hægt að selja inn á slíkan viðburð en tekur jákvætt í að skoða viðburðinn vel. Rætt um möguleikann á að nýta viðburðinn til að prufa sviðsuppsetningu á Valhallarreitnum sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagstillögu í vinnslu.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að vinna að og fara yfir málið með Mugison.

Tómas A. Tómasson ræðir um mikilvægi þess að Þingvellir höfði til yngri hópa Íslendinga sem margir hverjir þekkja lítið til Þingvalla.

Birgir Þórarinsson spyr eftir skiltum og merkingum. Þjóðgarðsvörður upplýsir að fjármagn sé tryggt á þessu að endurnýja, bæta og auka merkingar víða í þjóðgarðinum og unnið sé að því.

12:45 Fundi slitið.